

greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, stefndu, Helga Benediktssyni, f. h. verzlunarfélags Vestmannacyja, og Jóni Einarssyni, 100 kr. í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Börn ekkjunnar Þórunnar Pálsdóttur hafa gert kröfur þær, er að neðan greinir í þrotabúið:

Helga	kr. 1500,00
Óskar	— 3600,00
Sigurbjörn	— 3500,00
Guðni	— 700,00

Börnin hafa haldið því fram, að upphæðir þessar séu þannig til orðnar, að þau hafi unnið endurgjaldslaust fyrir búið, með öðrum orðum, að þetta sé kaup þeirra.

Kröfuhafar þeir, er mættu á skiptafundinum, mótmæltu því, að kröfurnar yrðu teknar til greina, og þar eð börnin hafa engar sannanir fært fyrir réttmæti krafanna, þá verður skiptarétturinn að fallast á mótmæli kröfuhafa og verða framangreindar kröfur barnanna því ekki teknar til greina.

Sátt var árangurslaust reynd á milli málsaðilja.

Miðvikudaginn 21. jan. 1931.

Nr. 103/1930. **Réttvísir** (Eggert Claessen).

gegn

Ragnari Sigurjóni Baldvin Helgasyni

(Theódór Lindal).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. okt. 1930: Ákærður, Ragnar Sigurjón Baldvin Helgason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða er í héraðsdóminum réttilega heimfært undir 6. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, og að því athuguðu, að ákærði hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur, 17. júlí 1929 verið dæmdur skilorðsbundið í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað, ákveðst nú refsing hans samkv. 8. gr. nefndra laga 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ragnar Sigurjón Baldvin Helgason, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Eggerts Claessen og Theódórs Líndal, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Ragnar Sigurjóni Baldvin Helgasyni, Seljalandi hér í bænum, fyrir brot gegn 23. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Hinn 2. september síðastl. var lögregluþjónn nr. 26 í Austurstræti.

Kom þá til lögregluþjónsins Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri og vakti eftirtekt hans á því, að maður hefði komið út af Hotel Ísland og hefði hann verið í yfirfrakka og með annan frakka, sem að hann reyndi til að hylja undir þeim frakka, sem hann var í. Lögregluþjónninn fór nú að svipast um eftir manni þessum, og er hann leit inn í portið bak við B. H. Bjarnason, fann hann ákærða þar og með honum annan mann Markús Guðmundsson frá Keflavík, sem var að fara í frakka. Báðir voru mennirnir undir áhrifum víns. Tók lögreglan menn þessa og fór með þá fyrst á lögreglustöðina og síðan í varðhald.

Ákærður hefir fyrir réttinum skýrt svo frá, að hann hafi komið til bæjarins kl. 8 að morgni þessa dags. Eftir hádegi fékk hann sér eina flösku af portvini og drakk hana ásamt áðurnefndum Markúsi og öðrum manni til. Skildi hann síðan við menn þessa, er þeir voru búnir að drekka úr flöskunni. Um kl. 4 gekk ákærður inn á Hotel Ísland, án þess að hafa þangað nokkurt erindi. Leit hann fyrst um salina, en settist ekki niður, fór síðan inn í fatageymsluna, sá frakka, sem lá á borðinu í fatageymslunni. Greip ákærður frakkann um leið og hann gekk og stakk honum undir frakka sinn er hann var kominn út. Fyrir utan dyr hotelsins hitti hann Markús. Kveður hann hafa komið fát á sig, er hann hitti hann, og var með tvo frakka. Bað hann Markús að koma með sér inn í port hjá Brynjólfi Bjarnasyni, bað Markús að fara í frakkann, en í þeim svifum kom lögreglan. Kvaðst ákærður ekkert hafa minnzt á það við Markús, að frakkinn væri stolinn. Markús hefir fyrir réttinum borið það, að hann hafi um þetta leyti verið að koma ofan úr bæ, hafi hitt ákærðan í sundinu hjá Magnúsi Benjamínssyni. Bað ákærður hann að tala við sig og fóru þeir saman inn í portið hjá Brynjólfi Bjarnasyni, fékk ákærður honum þar frakka, kveðst hann hafa farið í hann í meiningarleysi, og í þeim svifum kom lögreglan, og kveður hann sér þá fyrst hafa dottið í hug, að ekki væri allt með felldu með frakkann.

Ákærður hefir neitað því að hafa tekið fleiri frakka á Hotel Ísland, enda hefir ekki verið spurt um fleiri frakka, en frakki sá sem ákærður stal var samdægurs afhentur hinum rétta eiganda.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur

17. október 1905 Hann hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 19. júlí 1929, verið dæmdur skilorðsbundið í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir einfaldan þjófnað.

Framangreint brot ákærða ber að áliti dómarsans að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 28. jan. 1931.

Nr. 71/1930: **A. C. Broberg, f. h. váttryggingarfé-**
lagsins Danske Lloyd (Jón Ásbjörnsson).

gegn

Halldóri Einarssyni (Enginn).

Váttryggingarbætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1930: Stefnur, C. A. Broberg, greiði, f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd, stefnandanum, Halldóri Einarssyni, kr. 550.00 með 5% ársvöxtum frá 14. jan. 1930 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir ekki mætt í máli þessu hér fyrir réttinum og hefir það því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi krefst þess, eins og fyrir undirrétti, að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Leggur hann í því efni sérstaklega áherzlu á, að stefndi hafi sýnt „staka ógætni“ með því að aka með miklu meiri hraða en lög leyfa, þá er slysið vildi til, kl. 9